

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-64/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Snýr ágreiningur aðila að því að gagnaðili fjarlægði bifreið í eigu álitsbeiðanda af sameiginlegri eignarlóð við Z í Hafnarfirði. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér gjald vegna þessa, kr. 32.000, auk leigubifreiðakostnaðar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði álitsbeiðanda í tengslum við að gagnaðili fjarlægði bifreið hans af eignarlóð, án samráðs við álitsbeiðanda og að ósk óneftnds íbúa í nágrenni við eignarlóðina. Er því ekki um að ræða ágreining í tengslum við kaup álitsbeiðanda á þjónustu eða öðru. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir